

Átta myndlistarmenn ljúka sýningabrennu byggðri á hugmyndinni um lýðveldið með sýningu á Álafossi

Pólitískt og ljóðrænt í Lýðveldinu við lækinn

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

PAR sem starfsmenn ulla verk-smiðja Álafoss snæddu hádegisverð á árum áður, í Prúðvangi við Álafoss, hefur nú risið nýtt lýðveldi; Lýðveldið við lækinn. Lýðveldið er í raun myndlistarsýning; samstarfsverkefni átta myndlistarkvenna og Bryndís Jónsdóttir er talsmaður þeirra. „Ein úr hópnum, Ólöf Oddgeirsdóttir, býr í Prúðvangi. Fyrir fimm árum kviknaði hjá henni löngun að bjóða nokkrum myndlistarkonum að sýna með sér, þar sem hún var búin að gera salinn upp. Við kölluðum sýninguna Lýðveldið Ísland, en þá voru 60 ár frá stofnun lýðveldisins. Sýningin bar sterkan keim af hugmyndum okkar um stöðu lýðveldisins, um náttúruna og landið. Þá gerði ég gjörning við húsið sem byggt er yfir ána, hellti málingu í fánalitonum út í ána, sem bjó til úr þeim mjög falleg mynstur og bar með sér.“

Tíminn leið og Bryndís var orðin óþreyjufull að halda samstarfinu áfram. Tækifærið kom á þessu ári og listamennirnir ákváðu að gera eitt-hvað skemmtilegt. Þetta „skemmtilega“ varð að stóru verkefni, með sýningum í þremur landshlutum sem allar voru byggðar á lýðveldishugmyndinni. „Ég ákvað að bjóða þeim í hús mitt í Reykjahlíð í Myvatnssveit og fór að leita að sýningarstað. Ég fann hlöðu sem var tóm og lá vel við. Þar sýndum við í sumarbyrjun, Lýðveldið við vatnið, og vorum líka með örsýningu í Reykjahlíðarkirkju.

Hlaðan var full af áburðarpokum

Liðsmenn Lýðveldisins við lækinn

Þær sem sýna eru Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir.

Sýningin er opin alla daga frá klukkan 14-18 til 11. október.

Þegar við mættum en þegar búið var að fjarlægja þá og við byrjaðar að hengja upp þá var það eins og við manninn mælt að þar spratt upp þessi dásamlega sýning þar sem veggirnir og umhverfið spiluðu sérstaklega skemmtilega með verkunum. Þarna voru ljósmyndir, teikningar, málverk, konsept-verk, draumagildrur og fleira og sýningin varð mjög fjölbreytt en ólík því sem við eigum að venjast úr uppstríluðum sýningarsólum. Hlíf Ásgrímsdóttir bakaði einstakan gjörning í hlöðunni; rauðar og bláar lýðveldisvöflur skreyttar með hvítri rjómarönd.“

Annað Lýðveldi á Ströndum

Frá Myvatni fóru konurnar norður í Ingólfsfjörð á Ströndum, þar sem Hildur Margrétardóttir gat hýst hópinn í gamalli síldarverbúð. „Þar settum við upp sýningu sem varð allt öðru vísi en sú í hlöðunni, fyrst og fremst vegna þess að umhverfið var allt öðru vísi.“ Bryndís segir að á sýningunni á Ströndum, sem fékk heitið



Lýðveldið við lækinn Pólitísk verk, húnorísk verk og ljóðræn verk; allskonar verk sem kveikja ýmsar kenndir og hugmyndir eru sýnd á Álafossi. „Þetta er táknrænt fyrir ástandið sem við lifum,“ segir Bryndís Jónsdóttir.

Lýðveldið við fjörðinn, hafi verið örtröð af fólki. „Það komu held ég allir ábúendur úr nærliggjandi fjörðum, sumarhúsafólk, gönguhópar og fleiri. Við ákváðum að loka hringnum og sýna aftur á Álafossi, og þar erum við nú.“

Sýningin á Álafossi hefur að sögn Bryndísar að geyma bæði pólitísk verk, húnorísk verk og ljóðræn verk – allskonar verk sem kveiki ýmsar kenndir og hugmyndir. „Sýning hefur tekið breytingum frá einum stað til annars og við sýnum ekki endilega sömu verkin. Ólöf malar fyrstu íslensku fjallkonumyndina yfir sitt eigið málverk sem hún gerði af gömlum íslenskum dúkamunstrum. Anna Jóa



Morgunblaðið/Kristinn

sýnir ljósmyndir sem hún kallar Vallamál, en þær eru annars vegar af Þingvöllum og hins vegar af Austurvelli í búsáhaldaþytingunni. Hildur sýnir draumagildrur fyrir martraðir Íslendinga og hengir í þær þorskhausa og aðra táknræna hluti. Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá sýnir vatnslitaverk sem hún kallar Vötn, en það er unnið út frá minningu hennar um það þegar hún flaug í fyrsta sinn yfir Ísland og sá vötnin á Arnarvatnsheiði.

Þjóð á brauðfótum

Ég sýni ljósmyndaröð sem ég kalla Þjóð á brauðfótum, og það er mín útfærsla á ástandi þjóðarinnar. Guð-

björg Lind sýnir meðal annars minningasafn, undirskálar með leifum af kaffi. Þetta eru minningar um ósýnilegar sögur, eins og fólk hafi staðið upp og gengið út. Kristín Geirsdóttir spilar með liti umhverfis og náttúru og spáir í litrænt gildi sýningarstaðanna. Hlíf og Ólöf sýna vídeóverk. Hlíf safnaði plasti – hún er eins og gullgrafari og finnur plast á ólíklegustu stöðum í náttúrunni en Ólöf tók myndina og klippti. Innst í herbergi sýni ég vídeó sem ég kalla Holskeflu, þar sem sjórinn fellur yfir landið úr mörgum áttum í holskeflum og kaffærir það næstum því. Þetta er táknrænt fyrir ástandið sem við lifum og holskeflurnar verða eflaust fleiri.“